

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-83/2024

Reykjavík, 18. mars 2024

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), mál nr. S-83/2024

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vilja með erindi þessu koma á framfæri umsögn um ofangreint mál. Áður var birt áformaskjal þar sem áform um breytingar voru kynntar í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-83/2023. Skiluðu LL inn umsögn um málið dags. 22. september sl. þar sem einkum er bent á að áformin feli í sér viðamiklar breytingar og að nú væri starfshópur sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra þann 22. mars 2023 að störfum við gerð grænbókar um lífeyriskerfið. Lýstu LL þeirri afstöðu sinni að rétt væri að umræða um aukið valfrelsi í viðbótarlífeyrissparnaði ætti heima á þeim vettvangi. Í kjölfar þeirrar vinnu væri rétt að meta hvort æskilegt sé að auka valfrelsi einstaklinga umfram það sem nú er.


Í umsögn LL, dags. 14. mars sl., um drög að frumvarpi til breytinga á sömu lögum sem ætlað er að liðka fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða í félögum sem hafa það að markmiði að leigja einstaklingum íbúðarhúsnæði til langs tíma, mál S-72/2024 segir m.a.: „vilja LL leggja ríka áherslu á að vinna verði hafin við að yfirfara fjárfestingarheimildir sjóðanna enda æskilegt að almennar sérhæfðar fjárfestingar eins og hér um ræðir gætu rúmast innan almennra heimilda laganna. **Því er óskað eftir samtali við fjármála- og efnahagsráðuneytið til að fara yfir og móta hvernig best verði staðið að því mikilvæga verkefni að yfirfara almennar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða en brýnt er að slík vinna hefjist sem allra fyrst.**“

LL telja þau frumvarpsdrög sem hér eru til umræðu og markmiðið með slíkum breytingum þarfnast nánari faglegrar rýni og ítreka því ofangreint enda afar æskilegt að fram fari sem fyrst almenn yfirferð á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Í kjölfar slíkrar vinnu væri eðlilegt að leggja drög að frumvarpi þar sem m.a. yrði tekið á því hvort og þá með hvaða hætti sé rétt að auka valfrelsi einstaklinga við ráðstöfun á viðbótarlífeyrissparnaði umfram það sem nú er. Í þessu sambandi skal bent á að sjóðfélagar hafa nú þegar val um fjölda ólíkra fjárfestingarleiða sem skipta vel á áttunda tug. Við breytingar sem þessar er brýnt að neytendasjónarmið séu vandlega yfirfarin og tryggt að eigi sé unnt án takmarkana og nægilegs eftirlits að auka áhættu og fjárfestingarkostnað einstaklinga þegar kemur að lífeyrissparnaði.

Samkvæmt ofangreindu vilja LL lýsa yfir þeirri afstöðu sinni að mikilvægt sé að málið fái nánari faglegra rýni og að það verði metið heilstætt út frá hagsmunum sjóðfélaga áður en farið er í slíkar breytingar á lífeyrissjóðalöggjöfni.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri